

FRÉTTA BRÉF



Steinsteypufélags Íslands

Apríl 2005

1. tölublað 17. árgangur



Vorfundur Steinsteypufélags Íslands

**NÝ VÖRUMIÐSTÖÐ SAMSKIPA VIÐ KJALARVOG SÓTT HEIM,
MIÐVIKUDAGINN 27. APRÍL NÆSTKOMANDI KL 16.15.
GENGIÐ ER INN UM AÐALINNGANG SAMSKIPA VIÐ KJALARVOG**

Í lok síðasta árs tóku Samskip í notkun nýja Vörumiðstöð við Kjalarvog en þar eru jafnframt höfuðstöðvar félagsins. Vörumiðstöðin er sú stærsta og fullkomnasta á landinu. Þar er aðstaða fyrir innflutning, tollvöruheimsu, vöruhýsingu, móttöku búslóða og innanlandsflutninga ásamt vörudreifingu. Það sem okkur steypufólki þykir sennilega merkilegast við bygginguna er að í gólf hússins var notuð sérstök þurrsteypa, án nokkurrar járnabindingar. Það þarf ekki að taka fram að kröfur um nákvæmni á yfirborði gólfsins voru strangar, en engu að síður var þessi leið valin. Nú gefst áhugafólki um steinsteypu kærkomið tækifæri á að skoða vörumiðstöðina, heyrast frá framkvæmd-

inni og sérstaklega hvernig staðið var að framkvæmd við gólfid sjálft.

Dagskráin hefst stundvíslega kl 16.15 á erindi frá fulltrúa Samskipa, þar sem við fræðumst um bygginguna sjálfa, hvaða starfsemi fer þar fram og hvernig gólfid hefur reynst frá því að það var tekið í notkun.

Jónas Brjánsson, tæknifræðingur hjá Línuhönnun rekur byggingarsögu hússins í máli og myndum en Línuhönnun annaðist eftirlit með framkvæmdunum.

Jón S Möller, verkfræðingur hjá Ístak fræðir okkur um gólfid sjálft, ástæður þess að þessi leið var valin, kemur inn á hönnun gólfsins og segir frá steypuframkvæmdum.

Að loknum erindum mun gefast kostur á að fara stutta skoðunarferð um Vörumiðstöðina og skoða gólfid.

Fundurinn er opinn öllu áhugafólki um steinsteypu og er aðgangur ókeypis. Kaffiveitingar verða á fundinum.



**STEINSTEYPUFÉLAG
ÍSLANDS**

Útgefandi:
Steinsteypufélag Íslands
Suðurláun 6, 210 Gardabæ
Umsjón útgáfu: Leó Jónsson

Steinsteypudagur 2005

Steinsteypudagur 2005 var haldinn á Grand Hótel Reykjavík, 18. febrúar sl. Ráðstefnan var ágætlega sótt, um 90 manns sóttu hana, þar af um 20 nemendur frá Tækniháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Dagskráin var fjölbreytt að vanda, en flutt voru 10 erindi. Þau eru:

1. Steypa í skriðmótum

Jón S. Möller, verkfræðingur hjá ÍSTAK hf.

2. Alkalívirgni á Íslandi - nýjar prófunaraðferðir

María Dís Ásgeirsdóttir, tæknifræðingur og Børge Johannes Wigum, jarðverkfræðingur hjá Hönnun hf

3. Ólínuleg greining á jarðskjálfta-einangraðri brú á stauraundirstöðu

Dr. Bjarni Bessason, prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands

4. Slitsterkir steinar

Jakob Þór Guðbjartsson, jarðfræðingur hjá BM Vallá ehf

5. Langtímaáhrif íslenskra fylliefna á skrið í steinsteypu

Guðni Jónsson, verkfræðingur hjá Rb

6. Hagkvæmnisathugun á SCC í steypar einingar

Guido Krage, verkfræðingur hjá Rb

7. "The Roller Compacted Concrete (RCC)

Technique and dam construction methodology"

Philippe CAZALIS verkfræðingur hjá Coyne et Bellier Bureau d'Ingénieurs Conseil Paris, Frakklandi

8. Sement, breytingar í nánustu framtíð

Dr. Ólafur Wallevik, verkfræðingur hjá Rb

9. "Kárahnjúkavirkjun - fyrirkomulag, framkvæmdir og steinsteypa".

Sigurður Arnalds, verkfræðingur og kynningastjóri Kárahnjúkavirkjunar

10. Hver er staða steinsteyptra húsa á Íslandi í dag?

Hallur Hallsson blaðamaður

Úrdrátt úr erindum er að finna á heimasíðu félagsins.

Steinsteypufélagið vill tæki-færið og þakka fyrirlesurum fyrir þeirra framlag en eins og flestum félagsmönnum er kunnugt, er framlag fyrirlesara og annarra unnið í sjálfboðavinnu fyrir félagið.

LJ



Myndir frá Steinsteypudegi



Námstefna um hellur og hellulagnir

Í janúr sl. stóð Steinsteypufélagið fyrir námstefnu um hellur og hellulagnir. Aðsókn fór langt fram úr björtustu vonum en tæplega 60 manns sóttu hana. Aðalfyrirlesari var Erik Voldby frá danska fyrirtækinu Spedalsø en auk hans fluttu erindi, Höskuldur Tryggvason tæknifræðingur, Jakob Guðbjartsson jarðfræðingur og Jón Skúli Indriðason jarðverkfræðingur. Steinsteypufélagið vill nota tækifærið og þakka fyrirlesurunum fyrir þeirra óeigingjarna framlag en það var allt unnið í sjálfboðavinnu.

Það kom stjórn félagsins nokkuð á óvart hversu fjölsótt námstefnan var en á meðal námstefnugesta voru skrudgarðyrkjumeistarar, helluverktarar, landslagsarkitektar og helluframléiðendur, ásamt tæknifólki.

Líflegar umræður sköpuðust um aðferðir við lagningu hellna s.s stærð fúgu, þjöppun efsta lags ofl og ljóst er að ekki voru allir sammála um þessi atriði og fleiri. Það er þó von félagsins að gestir hafi farið fróðari heim.

LJ



Myndir frá Steinsteypudegi



Myndir frá námstefnunni



Aðalfundur Steinsteypufélagsins 2005

Aðalfundur Steinsteypufélagsins 2005 verður haldinn fimmtudaginn 26. maí n.k. kl. 17.00 á Grand Hótel Reykjavík.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla gjaldkera og samþykkt reikninga
3. Lagabreytingar
4. Kosning stjórnar
5. Ákvörðun félagsgjalda fyrir einstaklinga
6. Önnur mál

Að þessu sinni gengur einn úr stjórn. Yngvi Eiríksson múrarameistari hefur komið að máli við félagið og óskað eftir að hætta í stjórn félagsins, þar sem hann hefur verið búsettur á Egilsstöðum í vetur og sér fram á að vera þar a.m.k. næstu þrjú árin og því ekki getað tekið nægjanlega þátt í starfi félagsins. Félagið vill nota tækifærið og þakka Yngva fyrir samstarfið.

Þeir sem áhuga hafa á að starfa í stjórn félagsins eru beðnir um að koma upplýsingum þess efnis til undirritaðs fyrir fundinn eða gefa kost á sér á aðalfundinum.

Leó Jónsson

Sam-Norræn hópferð á 4th Rilem Symposium on SCC

Steinsteypufélag Íslands, í samvinnu við Dr. Ólaf Wallevik efnir til hópferðar á þessa fjórðu alþjóða ráðstefnu um sjálfútleggjandi steinsteypu. Hluti hópsins kemur beint frá hinum Norðurlöndunum, en hópurinn fer saman héðan frá Íslandi, vestur um haf.

Ráðstefnan sjálf verður haldin í Chicago 30. okt. til 2. nóv. 2005. Á undan ráðstefnunni er ætlunin að heimsækja FREEDOM TOWER sem byggður verður á rústum World Trade Center í New York. Á eftir ráðstefnunni er síðan hugmyndin að

heimsækja mjög fullkomna einingaverksmiðju í Chicago þar sem róbótar eru í aðalhlutverki við framleiðsluna. Áætlað er að ferðin í heild sinni taki eina viku. Heildarkostnaður verður um 170 þúsund þ.e. flugfar, gisting tvær nætur í New York og fimm nætur í Chicago auk ráðstefnugjaldsins. Nú þegar hafa vel á annan tug skráð sig í ferðina frá Íslandi en enn er laust pláss. Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband við Dr. Guido Krage hjá Rb, netfang krage.g@ibri.is Nánari upplýsingar um ráðstefnuna sjálfa er að finna á heimasíðunni www.scc2005.info

XIX Symposium On Nordic Concrete Research & Development - A meeting place for research and practice

Ráðstefnan er mjög góður vettvangur fyrir steypurannsóknir á Norðurlöndunum. Þar eru jafnan kynnt um 80-100 rannsóknir á steinsteypu sem verið er að vinna að. Ráðstefnan er mjög áhugaverð fyrir þá sem koma á einhvern hátt að steypurannsóknum s.s. steypuframleiðendur, ýmsar verkfræðistofur, verktaka og háskólaþólk.

Ráðstefnan verður haldin 13-15 júní í Rica Park Hotel í Sandefjord, Noregi. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni <http://www.betong.net/>

Hellur og steinlagnir

Nýlega var á vegum félagsins haldin fjölsótt námstefna um hellur og steinlagnir, þar sem m.a. Erik Voldby frá Spedalsö helluverksmiðjunni í Danmörku fjallaði vítt og breitt um steinlagnir.

Á námstefnunni var m.a. stuðst við handbók gefna út af helludeild innan samtaka danskra steypuframleiðenda - DBI. Hægt er að sækja handbókina auk annars fróðleiks á vefsíðu: www.belaegningsfraktionen.dk

<<http://www.belaegningsfraktionen.dk/>> ("Teknisk information").

Hér á eftir eru sýndar nokkrar myndir úr bókinni.

Mynd 1: Réttur frágangur og viðhald samskeyta dreifir álaginu á steinlögnum og eykur endinguna

Mynd 2: Með því að "kíla" steinana saman er hætt á að kantarnir skemmist

Mynd 3: Forsendur fyrir sterkri og þéttari steinlögnum eru að samskeytin séu vel fyllt og að þau eftirfyllist sem hluti af viðhaldi steinlagnarinnar.

Mynd 4: Steinninn er lagður á 30-50 mm jöfnunarlag með 3-5 mm millibili.

Mynd 5: Eftir útlagningu fyllist samskeytin með sandi og steinlögnum þjappast í jöfnunarlaginu með plötuvibrator.

